

BORGARRÁÐ 17. FEBRÚAR 2026: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afdrif tillögu um afléttingu trúnaðar á skýrslu um Félagsbústaði dags. mars 2024 - MSS23080011

Fyrir rúmu ári, 30. janúar 2025, lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að leynd yrði aflétt af skýrslu vinnuhóps borgarstjóra um sjálfbærni og rekstur Félagsbústaða, sem skilað var í mars 2024. Tillagan var rökstudd með því að eðlilegt væri að áðurnefnd skýrsla yrði gerð opinber í ljósi mikilvægis félagsins, sem og í þágu upplýstrar umræðu um málefni þess. Á fundi borgarráðs, 20. febrúar 2025, var umræddri tillögu vísað til umsagnar Félagsbústaða undir embættisafgreiðslum. Óskað er eftir upplýsingum um meðferð og afdrif tillögunnar. Er jafnframt óskað eftir því að hún verði lögð fyrir borgarráð sem fyrst til afgreiðslu.